Síldarvinnslan hf

# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu 1. janúar - 31. mars 2023

## Efnisyfirlit

**bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra ........ | **2 - 3** |
| Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 ........ | **4** |
| Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 ........ | **5** |
| Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2023 ........ | **6 - 7** |
| Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 ........ | **8** |
| Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 ........ | **9** |
| Skýringar ........ | **10 - 15** |



**Síldarvinnslan hf.**
Kennitala 570269-7479
Hafnarbraut 6, Neskaupstað

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi samstæðunnar

Samstæða Síldarvinnslunnar hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan er ein sú stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum sem eru í lok tímabilsins Bergur-Huginn ehf., Bergur ehf., Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Fjárfestingafélagið Vör ehf. og S2002 ehf., Vísir ehf, Sjávarmál ehf., Daðey ehf., Mar Guesthouse ehf., Samvís ehf., Vísir Gmbh., Þorvís ehf., DSFU og Pytheas Seafood P.C.

## Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 131,5 milljónum dollara á tímabilinu og hagnaður af rekstrinum nam 29,5 milljónum dollara. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 1.108,6 milljónum dollara í lok tímabilsins og eigið fé nam 608,9 milljónum dollara en þar af var hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar 3 milljónir dollara. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 54,9% í lok tímabilsins.

*Viljayfirlýsing um byggingu fóðurverksmiðju*
Síldarvinnslan hf. og BioMar Group riftu í byrjun árs viljayfirlýsingu um byggingu fóðurverksmiðju á Íslandi sem undirrituð var árið 2022. Stefnt var að því að byggja umhverfisvæna verksmiðju þar sem kolefnisspor var lágmarkað með notkun umhverfisvænnar orku.

*Viðræður um kaup á helmingshlut í sölufélaginu Ice Fresh Seafood ehf.*
Stjórn Síldarvinnslunnar hf. hefur samþykkt að hefja viðræður við Samherja hf. um kaup á helmingshlut í sölufélaginu Ice Fresh Seafood ehf. Telur stjórnin það rökrétt framhald, af vexti og auknum umsvifum Síldarvinnslunnar hf. á síðustu árum, að kanna frekari möguleika á því að styrkja sölu- og markaðsmál félagsins. Sjá nánar skýringu 9.

*Áhrif stríðs í Úkraínu*
Í kjölfar stríðsins í Úkraínu hafa orðið breytingar á vöruafhendingum inn á Úkraínu sem er mjög stór markaður í uppsjávarafurðum hjá Síldarvinnslunni. Í dag fara afhendingar fram í gámum úr geymslum í Litháen og Póllandi, í stað þess sem áður var þegar skipsfarmar fóru beint inn á Svartahafið. Þetta hefur leitt til þess að birgðahald hefur færst frá kaupendum yfir til Síldarvinnslunnar. Þrátt fyrir að mikil óvissa ríki vegna stríðsins fer mikið af vörum þangað og uppistaðan af þeim afurðum sem eru í birgðum hafa verið fráteknar fyrir viðskiptavini félagsins þar. Sjá nánar í skýringu nr. 6.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu .

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. mars 2023. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 með undirritun sinni.

Neskaupstað, 25. maí 2023.

Þorsteinn Már Baldvinsson
Stjórnarformaður

Anna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi

Baldur Már Helgason
Meðstjórnandi

Erla Ósk Pétursdóttir
Meðstjórnandi

Guðmundur Rafnkell Gíslason
Meðstjórnandi

Gunnþór Ingvason
Forstjóri

# Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023

| | Skýringar | 2023 1.1-31.3 | 2022 1.1-31.3 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Seldar vörur | | 131.469.183 | 100.567.036 |
| Hagnaður af sölu eigna | | 9.879 | 0 |
| | | 131.479.062 | 100.567.036 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 59.843.395 | 47.257.599 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður | | 29.724.734 | 18.506.127 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 2.351.187 | 2.322.460 |
| | | 91.919.316 | 68.086.186 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | | 39.559.746 | 32.480.850 |
| Afskriftir fastafjármuna | 4 | 4.945.535 | 3.060.509 |
| Rekstrarhagnaður | | 34.614.211 | 29.420.341 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 531.288 | 100.540 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (4.435.714) | (1.040.986) |
| Gengismunur | | 3.555.196 | 1.670.871 |
| Tekjur af verðbréfum og afleiðusamningum | | 747.246 | 3.547.418 |
| | | 398.016 | 4.277.843 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | 1.428.451 | 1.063.568 |
| | | 1.428.451 | 1.063.568 |
| Hagnaður af afhendingu dótturfélags | | 0 | 183.254 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 36.440.678 | 34.945.006 |
| Tekjuskattur | | (6.913.114) | (7.457.937) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 29.527.564 | 27.487.069 |
| Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt: | | | |
| Eigendur félagsins | | 29.174.491 | 27.318.594 |
| Hlutdeild minnihluta | | 353.073 | 168.475 |
| | | 29.527.564 | 27.487.069 |
| **Hagnaður á hlut** | | | |
| Hagnaður eigenda félagsins á útistandandi hlut | | 0,0167 | 0,0161 |

**Starfsþáttayfirlit** 3

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

# Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023

| | Skýringar | 2023<br>1.1-31.3 | 2022<br>1.1-31.3 |
|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | | 29.527.564 | 27.487.069 |
| **Önnur heildarafkoma** | | | |
| *Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:* | | | |
| Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum | | (5.859.580) | 592.186 |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | 23.667.984 | 28.079.255 |
| Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt: | | | |
| Eigendur félagsins | | 23.196.604 | 27.924.072 |
| Hlutdeild minnihluta | | 471.380 | 155.183 |
| | | 23.667.984 | 28.079.255 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

# Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2023

| Eignir | Skýringar | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Fiskveiðiheimildir | | 495.513.276 | 494.110.123 |
| | | 495.513.276 | 494.110.123 |
| Rekstrarfjármunir: | 4 | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 217.348.465 | 219.235.327 |
| Fastafjármunir í smíðum | | 20.753.541 | 15.406.322 |
| Leiguréttindi | | 2.768.256 | 2.803.034 |
| | | 240.870.262 | 237.444.683 |
| Fjárfestingar: | | | |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | | 134.020.388 | 139.191.201 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 2.669.684 | 2.449.335 |
| Skuldabréfaeign | | 78.061 | 74.945 |
| | | 136.768.133 | 141.715.481 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 873.151.671 | 873.270.287 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skuldabréfaeign | | 118.647 | 115.872 |
| Birgðir | 5 | 81.610.053 | 58.937.844 |
| Viðskiptakröfur | 6 | 49.262.601 | 38.995.823 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 14.654.080 | 9.630.365 |
| Handbært fé | | 88.233.211 | 77.289.688 |
| | | 233.878.592 | 184.969.592 |
| Fastafjármunir sem haldið er til sölu | | 1.534.733 | 1.534.733 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 235.413.325 | 186.504.325 |
| **Eignir samtals** | | 1.108.564.996 | 1.059.774.612 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

# Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2023

| **Eigið fé og skuldir** | **Skýringar** | **31.3.2023** | **31.12.2022** |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 15.122.610 | 15.122.610 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 126.764.582 | 126.764.582 |
| Annað bundið eigið fé | | 41.829.837 | 38.733.766 |
| Óráðstafað eigið fé | | 422.197.082 | 402.096.549 |
| | | 605.914.111 | 582.717.507 |
| Hlutdeild minnihluta | | 3.012.845 | 2.541.465 |
| | | 608.926.956 | 585.258.972 |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7 | 189.643.194 | 217.769.366 |
| Leiguskuldbinding | | 1.699.750 | 1.516.430 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 101.017.512 | 100.753.122 |
| | | 292.360.456 | 320.038.918 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7 | 47.277.911 | 39.851.836 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 7 | 84.400.449 | 68.006.240 |
| Reiknaðir skattar ársins | | 7.083.902 | 14.300.900 |
| Viðskiptaskuldir | | 26.831.017 | 18.891.208 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 27.495.870 | 10.143.843 |
| Skuldir við tengd félög | 8 | 14.188.435 | 3.282.695 |
| | | 207.277.584 | 154.476.722 |
| **Skuldir samtals** | | 499.638.040 | 474.515.640 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.108.564.996 | 1.059.774.612 |
| **Aðrar upplýsingar** | 9 | | |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

# Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 31. mars 2022:** | | | | | | |
| Staða í ársbyrjun ................ | 14.096.600 | 17.588.283 | 31.137.925 | 357.037.020 | 2.661.403 | 422.521.231 |
| *Heildarafkoma:* | | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins ......... | | | | 27.318.594 | 168.475 | 27.487.069 |
| Þýðingarmunur .................. | | | 605.478 | | (13.292) | 592.186 |
| Bundinn | | | | | | |
| - hlutdeildarreikningur ..... | | | 3.628.189 | (3.628.189) | | 0 |
| - gangvirðisreikningur ..... | | | 262.273 | (262.273) | | 0 |
| | 0 | 0 | 4.495.940 | 23.428.132 | 155.183 | 28.079.255 |
| Staða í lok tímabils ............ | 14.096.600 | 17.588.283 | 35.633.865 | 380.465.152 | 2.816.586 | 450.600.486 |

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 31. mars 2023:** | | | | | | |
| Staða í ársbyrjun ................ | 15.122.610 | 126.764.582 | 38.733.766 | 402.096.549 | 2.541.465 | 585.258.972 |
| *Heildarafkoma:* | | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins ......... | | | | 29.174.491 | 353.073 | 29.527.564 |
| Þýðingarmunur .................. | | | (5.977.887) | | 118.307 | (5.859.580) |
| Bundinn | | | | | | |
| - hlutdeildarreikningur ..... | | | 9.074.666 | (9.074.666) | | 0 |
| - gangvirðisreikningur ..... | | | (708) | 708 | | 0 |
| | 0 | 0 | 3.096.071 | 20.100.533 | 471.380 | 23.667.984 |
| Staða í lok tímabils ............ | 15.122.610 | 126.764.582 | 41.829.837 | 422.197.082 | 3.012.845 | 608.926.956 |

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. vegna rekstrarársins 2022 var haldinn 18. apríl 2023. Á aðalfundinum samþykktu hluthafar tillögu stjórnar um að greiða hluthöfum arð að fjárhæð 3.437 milljónir kr. (24,2 milljónir USD) sem jafngildir 1,86 krónum á hlut (2022: 2,01 króna á hlut). Arðurinn var greiddur þann 26. apríl 2023.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

# Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023

| | Skýringar | 2023<br>1.1-31.3 | 2022<br>1.1-31.3 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 29.527.564 | 27.487.069 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 4 | 4.945.535 | 3.060.509 |
| Hagnaður af afhendingu hlutdeildarfélags | | 0 | (183.254) |
| Aðrir liðir | | (9.597.394) | (6.764.887) |
| Hreint veltufé frá rekstri | | 24.875.705 | 23.599.437 |
| Hækkun rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (10.975.290) | (12.919.717) |
| Birgðir | | (22.844.077) | (22.096.032) |
| Hækkun rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 32.964.825 | 19.627.062 |
| | | (854.542) | (15.388.687) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 24.021.163 | 8.210.750 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | (1.193.893) | (3.333.884) |
| Fjárfest í fastafjármunum í smíðum | 4 | (5.347.218) | (6.586.387) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 714 | 0 |
| Viðbót leiguréttinda | 4 | 0 | (168.563) |
| Seldir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | | 0 | 326.361 |
| | | (6.540.397) | (9.762.473) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | 7 | (13.529.420) | (3.684.206) |
| Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir | | 6.433.490 | 647 |
| | | (7.095.930) | (3.683.559) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 10.384.836 | (5.235.282) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 77.289.688 | 79.856.239 |
| Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga | | 558.687 | 154.257 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 88.233.211 | 74.775.214 |

| | | |
|---|---|---|
| **Aðrar upplýsingar** | | |
| Innborgaðir vextir og arðstekjur | 472.593 | 100.073 |
| Greiddir vextir | (4.681.769) | (1.440.807) |
| Greiddir skattar | (2.653.478) | (1.636.055) |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hafnarbraut 6, Neskaupstað. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar" og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga". Aðalstarfsemi félagsins er rekstur fiskvinnslu og útgerð.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur á stjórnarfundi félagsins þann 25. maí 2023.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið janúar til mars 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2022.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2022. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

### 2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings samstæðu þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

## 3. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþættir eru skilgreindir í samræmi við eðli rekstrar og innri skýrslugjöf samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir hjá sér tvo starfsþætti, *Útgerð* og *Landvinnslu*. Aðrir starfsþættir falla undir liðinn *Annað*.

| **1.1 - 31.3. 2023** | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur .................... | 59.686.587 | 120.160.113 | 10.117.623 | (41.796.868) | (16.698.270) | 131.469.183 |
| Hagnaður af af sölu eigna ................ | 0 | 714 | 9.165 | 0 | 0 | 9.879 |
| Kostnaðarverð seldra vara .................. | 19.604.030 | 89.990.915 | 8.743.588 | (41.796.868) | (16.698.270) | 59.843.395 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn. ....... | 19.767.484 | 8.147.403 | 1.809.848 | 0 | 0 | 29.724.734 |
| Annar rekstrarkostn. ....... | 629.572 | 342.084 | 1.379.532 | 0 | 0 | 2.351.187 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir ................ | 19.685.502 | 21.680.425 | (1.806.181) | 0 | 0 | 39.559.746 |
| Afskriftir fastafjármuna .... | (2.864.628) | (1.958.082) | (122.825) | 0 | 0 | (4.945.535) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | 398.016 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | 1.428.451 |
| Tekjuskattur .................... | | | | | | (6.913.114) |
| Hagnaður tímabilsins ...... | | | | | | 29.527.564 |
| Fjárfestingar ................... | (89.201) | (6.321.879) | (130.031) | 0 | 0 | (6.541.111) |
| Rekstrarfjármunir ............ | 60.457.501 | 172.047.609 | 8.365.152 | 0 | 0 | 240.870.262 |
| Óefnislegar eignir, óskiptar | | | | | | 495.513.276 |
| Aðrar eignir, óskiptar ....... | | | | | | 372.181.458 |
| Skuldir, óskiptar ............. | | | | | | (499.638.040) |

# Skýringar

## 3. Starfsþáttayfirlit (framhald)

| 1.1. - 31.3. 2022 | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur .................... | 37.322.802 | 84.193.850 | 5.558.663 | (23.418.252) | (3.090.027) | 100.567.036 |
| Kostnaðarverð seldra vara .................. | 8.982.268 | 59.906.872 | 4.876.738 | (23.418.252) | (3.090.027) | 47.257.599 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn. ....... | 12.979.449 | 4.509.529 | 1.017.149 | 0 | 0 | 18.506.127 |
| Annar rekstrarkostn. ....... | 363.343 | 1.298.681 | 660.436 | 0 | 0 | 2.322.460 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir ................ | 14.997.742 | 18.478.768 | (995.660) | 0 | 0 | 32.480.850 |
| Afskriftir fastafjármuna .... | (2.061.789) | (917.431) | (81.289) | 0 | 0 | (3.060.509) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | 4.277.843 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | 1.063.568 |
| Hagnaður af afhendingu dótturfélags | | | | | | 183.254 |
| Tekjuskattur .................... | | | | | | (7.457.937) |
| Hagnaður tímabilsins ...... | | | | | | 27.487.069 |
| Fjárfestingar .................... | 0 | (9.865.129) | (55.142) | 0 | 0 | (9.920.271) |
| Rekstrarfjármunir ............ | 121.907.911 | 65.415.432 | 3.620.719 | 0 | 0 | 190.944.062 |
| Óefnislegar eignir, óskiptar | | | | | | 272.677.929 |
| Aðrar eignir, óskiptar ....... | | | | | | 208.412.110 |
| Skuldir, óskiptar .............. | | | | | | (221.433.615) |

## 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir felast í varanlegum rekstrarfjármunum og fjárfestinga í smíðum. Leiguréttindi eru jafnframt flokkuð meðal rekstrarfjármuna. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

| **Í lok tímabils 31.3.2023:** | Fasteignir og lóðir | Skip og fylgihlutir | Verksmiðju-vélar og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun .......................................................... | 42.400.658 | 133.586.644 | 43.248.024 | 219.235.327 |
| Viðbót tímabilsins .................................................................... | 220.312 | 35.156 | 938.425 | 1.193.893 |
| Bókfært verð seldra eigna ....................................................... | 0 | 0 | (4.807) | (4.807) |
| Áhrif gengisbreytinga .............................................................. | 348.072 | 1.258.895 | 196.382 | 1.803.349 |
| Afskriftir ................................................................................... | (481.192) | (2.816.182) | (1.581.923) | (4.879.297) |
| Bókfært verð í lok tímabils ...................................................... | 42.487.850 | 132.064.513 | 42.796.101 | 217.348.465 |

| Bókfært verð í lok 31.3. 2023 greinist þannig: | Fasteignir og lóðir | Skip og fylgihlutir | Verksmiðju-vélar og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Kostnaðarverð .......................................................................... | 88.214.819 | 196.183.124 | 130.671.352 | 415.069.295 |
| Afskrifað samtals ..................................................................... | (45.726.969) | (64.118.611) | (87.875.251) | (197.720.831) |
| Bókfært verð í lok tímabils ...................................................... | 42.487.850 | 132.064.513 | 42.796.101 | 217.348.465 |
| Afskriftahlutfall á ári ................................................................. | 0-6% | 4-10% | 6-20% | |

# Skýringar

## 4. Rekstrarfjármunir (framhald)

| Afskriftir greinast þannig: | 1.1.-31.3.2023 | 1.1.-31.3.2022 |
|---|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | 4.879.297 | 3.044.919 |
| Afskriftir leiguréttinda | 66.238 | 15.591 |
| | 4.945.535 | 3.060.509 |

**Fastafjármunir í smíðum**

*Fiskimjölsverksmiðja í Neskaupstað*
Á árinu 2021 hófust framkvæmdir við stækkun fiskimjölsverksmiðju og löndunarhúss Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Löndunarhúsið er stækkað um 300 fermetra og í því verður komið fyrir búnaði sem mun tvöfalda afköstin við vinnslu á loðnuhrognum. Hrognavinnslan hefur verið tekin í notkun og var fjárfesting vegna hennar flutt á varanlega rekstrarfjármuni á árinu 2022, alls 5,7 milljónir USD. Stækkun fiskimjölsverksmiðjunnar er hins vegar skipt í tvo áfanga. Í fyrri áfanganum er reist 2000 fermetra verksmiðjuhús og komið upp lítilli verksmiðjueiningu sem á að geta afkastað 380 tonnum á sólarhring. Litlu verksmiðjueiningunni er fyrst og fremst ætlað að vinna afskurð frá fiskiðjuveri félagsins auk þess sem hún mun nýtast við þróunarverkefni og spara töluverða orku. Litla verksmiðjan fór í notkun í október 2022. Kostnaður vegna hennar var samtals 21 milljónir USD. Í síðari áfanganum verður komið upp búnaði sem eykur afkastagetu verksmiðjunnar úr 1.800 tonnum á sólarhring í 2.380 tonn. Áætlaður kostnaður við þá framkvæmd er um 23 milljónir USD. Áætluð verklok þessarra framkvæmda eru á árinu 2023. Heildarkostnaður verksins í lok tímabils nemur 18,8 milljónir USD, en að auki eru um 2 milljónir vegna annarra smærri verkefna, samtals 20,8 milljónir. Til viðbótar við framangreint voru aðrar minni framkvæmdir sem námu um 2 milljónir USD hjá dótturfélagi samstæðunnar teknar til notkunar á árinu 2022.

Greiðslur og kostnaður vegna nýsmíða eru sem hér greinir:

| **Breytingar á kostnaði vegna fastafjármuna í smíðum** | 1.1.-31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Heildarverð í ársbyrjun | 15.406.323 | 19.037.704 |
| Fjárfesting tímabilsins | 5.347.218 | 25.263.520 |
| Flutt á varanlega rekstrarfjármuni | 0 | (28.714.428) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | (180.474) |
| Heildarverð í lok tímabils | 20.753.541 | 15.406.322 |

**Leiguréttindi**
Félög innan samstæðunnar hafa gert langtímaleigusamninga um leigu á nótahólfum. Samingarnir eru til 25 ára en leigutaki hefur rétt til ótímabundinnar framlengingar á leigu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Umsamin leigufjárhæð var öll greidd á árinu 2019 og færð sem langtímakrafa. Á árinu 2022 voru tvö nótahólf tekin til viðbótar á leigu og umsamin leigufjárhæð öll greidd í byrjun árs 2022. Leiguréttindin eru afskrifuð á 25 árum. Þróun leigueignar greinist þannig á árinu:

| | 1.1.-31.3.2023 | 1.1.-31.3.2022 |
|---|---|---|
| Leiguréttindi í upphafi árs | 2.803.034 | 1.089.809 |
| Viðbót | 0 | 168.563 |
| Afskrift leiguréttinda | (66.238) | (15.591) |
| Áhrif gengisbreytinga | 31.460 | 0 |
| | 2.768.256 | 1.242.781 |

# Skýringar

## 5. Birgðir

| Birgðir greinast þannig: | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Hráefni | 7.462.170 | 6.901.420 |
| Fullunnar afurðabirgðir | 62.998.822 | 40.530.885 |
| Rekstrarvörur | 3.140.997 | 3.535.156 |
| Veiðarfæri | 8.008.065 | 7.970.383 |
| | 81.610.053 | 58.937.844 |

Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði 63,0 milljónir dollara þann 31.3.2023 samanborið við 40,5 milljónir dollara þann 31.12.2022. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunninna afurðabirgða í lok tímabils nema allt að 91,5 milljónum dollara í samanburði við 54,7 milljónir dollara í lok árs 2022.

Vörubirgðir félagsins á reikningsskiladegi eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði í lok mars 2023 og byggir m.a. á útreikningum um framlegð og öðrum viðeigandi forsendum. Að mati stjórnenda er seljanleiki frystra uppsjávarbirgða almennt góður en ástandið í Úkraínu gerir það að verkum að erfiðleikar eru við afhendingu á vörum samstæðunnar sem hefur áhrif á birgðastöðuna.

## 6. Viðskiptakröfur

| Viðskiptakröfur greinast þannig: | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Almennar viðskiptakröfur | 20.583.964 | 20.819.990 |
| Viðskiptakröfur á tengd félög | 29.138.603 | 18.985.680 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (459.966) | (809.847) |
| | 49.262.601 | 38.995.823 |

Kröfur á tengda aðila eru tilgreindar með viðskiptakröfum í efnahagsreikningi en kröfurnar eru allar tilkomnar vegna reglubundinna viðskipta. Á meðal krafna á tengda aðila er krafa á sölufyrirtækið Ice Fresh Seafood ehf., sem er söluumboðsfyrirtæki Síldarvinnslunnar og telst vera tengdur aðili. Á bak við kröfuna eru fjölmargar kröfur sölufyrirtækisins á aðila í ýmsum löndum. Samkvæmt samningi milli samstæðunnar og sölufyrirtækisins ber Síldarvinnslan útlánaáhættuna verði greiðslufall hjá endanlegum skuldara að kröfunni.

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

| Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig: | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | (809.847) | (2.646.583) |
| Viðbót vegna nýs dótturfélags í samstæðu | 0 | (134.917) |
| Breyting á niðurfærslu | 356.618 | (1.315.878) |
| Tapaðar viðskiptakröfur á árinu | 0 | 3.270.000 |
| Áhrif gengisbreytinga | (6.738) | 17.532 |
| Staða í lok tímabils | (459.966) | (809.847) |

Samstæðan fylgir fyrirmælum alþjóðlegs reikningsskilastaðals IFRS 9 um niðurfærslu viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar niður með einfaldri aðferð og byggir matið á sögulegum gögnum um tapsreynslu ásamt því að horft er til efnahagslegra umhverfisþátta á reikningsskiladegi, og væntinga til framtíðar, að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Samkomulag náðist við viðskiptaaðila Síldarvinnslunnar í Úkraínu um eftirgjöf á viðskiptakröfu Síldarvinnslunnar á hendur honum. Gengið var frá samkomulaginu í apríl 2022 og telst það vera fullnaðaruppgjör. Samkvæmt uppgjörinu gaf Síldarvinnslan eftir 3.270.000 USD af viðskiptakröfu sinni en krafan hafði verið færð niður á árinu 2021, um 2.447.500 USD. Í samstæðuársreikningnum 2022 var því gjaldfært sem nam 822.500 USD á árinu og fært á meðal annars rekstrarkostnaðar.

# Skýringar

## 7. Skuldir við lánastofnanir

| Langtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig: | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Skuldir í USD | 147.067.981 | 151.422.940 |
| Skuldir í EUR | 102.534.220 | 108.762.218 |
| Skuldir í GBP | 9.228.764 | 9.223.542 |
| Skuldir í NOK | 11.157.827 | 12.316.045 |
| Skuldir í JPY | 4.054.851 | 4.050.861 |
| | 274.043.643 | 285.775.606 |
| Afborganir næstu 12 mánaða | (84.400.449) | (68.006.240) |
| Langtímaskuldir í lok tímabils | 189.643.194 | 217.769.366 |

| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig: | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Afborganir næstu 12 mánaða | 84.400.449 |
| Afborganir á árinu 2024-2025 | 18.736.224 |
| Afborganir á árinu 2025-2026 | 14.598.564 |
| Afborganir á árinu 2026-2027 | 149.623.500 |
| Afborganir á árinu 2027-2028 | 1.409.006 |
| Afborganir síðar | 5.275.900 |
| | 274.043.643 |

| Langtímaskuldir samtals USD 274.043.643, koma þannig fram í efnahagsreikningi: | 31.3.2023 |
|---|---|
| Afborganir næstu 12 mánaða , færðar meðal skammtímaskulda | 84.400.449 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 189.643.195 |
| | 274.043.643 |

| Breyting á langtímaskuldum greinist þannig: | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Langtímaskuldir í upphafi árs | 285.775.606 | 122.037.404 |
| Viðbót vegna nýs félags í samstæðu | 0 | 78.201.662 |
| Tekin langtímalán | 0 | 98.508.760 |
| Afborganir langtímalána | (13.529.420) | (10.019.429) |
| Gengis- og þýðingarmunur | 1.797.457 | (2.952.791) |
| Langtímaskuldir í lok tímabils | 274.043.643 | 285.775.606 |

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, framlegð og skuldsetningarhlutfall. Í lok árs stóðust allir skilmálar lánasamninga.

Skammtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig:

| | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Skuldir í USD | 11.995.000 | 10.688.394 |
| Skuldir í EUR | 35.282.911 | 29.163.442 |
| | 47.277.911 | 39.851.836 |

# Skýringar

## 8. Tengdir aðilar

Samstæðan er í dreifðri eignaraðild. Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélög, stjórnir félaga í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| **Tímabilið 1. janúar - 31. mars 2023** | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskipta-kröfur | Viðskipta-skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Hlutdeildarfélög | 689.836 | 9.254.447 | 399.677 | 6.139.922 |
| Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu | 40.539.737 | 12.325.662 | 28.738.926 | 8.048.513 |
| | 41.229.573 | 21.580.109 | 29.138.603 | 14.188.435 |

| **Árið 2022** | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskipta-kröfur | Viðskipta-skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Hlutdeildarfélög | 858.434 | 14.145.430 | 2.058.314 | 2.599.712 |
| Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu | 103.047.658 | 31.883.549 | 16.927.366 | 682.983 |
| | 103.906.092 | 46.028.979 | 18.985.680 | 3.282.695 |

## 9. Önnur mál

*Viðræður um kaup á helmingshlut í sölufélaginu Ice Fresh Seafood ehf.*
Stjórn Síldarvinnslunnar hf. hefur samþykkt að hefja viðræður við Samherja hf. um kaup á helmingshlut í sölufélaginu Ice Fresh Seafood ehf. Telur stjórnin það rökrétt framhald, af vexti og auknum umsvifum Síldarvinnslunnar hf. á síðustu árum, að kanna frekari möguleika á því að styrkja sölu- og markaðsmál félagsins.

Ice Fresh Seafood ehf. hefur lengi verið leiðandi fyrirtæki í sölu- og markaðssetningu sjávarafurða frá Íslandi og hefur meðal annars séð um sölu á hluta afurða Síldarvinnslunnar og Vísis ehf. á undanförnum árum. Sölunet fyrirtækisins nær til yfir 60 landa og á bak við það er áratuga þekking og viðskiptasambönd á helstu mörkuðum fyrir íslenskt sjávarfang.

Ice Fresh Seafood ehf. er að fullu í eigu Samherja hf. sem er eigandi að 30,06 % hlut í Síldarvinnslunni hf. Með vísan til ákvæða laga og starfsreglna stjórnar hefur stjórnarformaður Síldarvinnslunnar hf., Þorsteinn Már Baldvinsson, sem er jafnframt forstjóri Samherja hf., því ekki tekið þátt í meðferð máls þessa og ákvörðun innan stjórnar Síldarvinnslunnar hf. Óháður aðili hefur verið fenginn til að verðmeta félagið.